



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 3. fundur stjórnar KLÍ, 2009-2010  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Fimmtudag. 13.08.09 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir (HS) ritari  
Reynir Þorsteinsson (RS) fundarritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK)  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
**Boðuð forföll:**  
**Fjarverandi:** Sigurlaug Jakobsdóttir (SJ) varamaður (Erlendis)  
**Fundarritari:** RP

**Helstu mál:** KDK, næsti vetur, landsmót.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 2. fundar 2009-2010 samþykkt samhljóma.

#### 2. KDK.

Umræða var um Keiluvini og hverjar reglur væru um að lið segði sig niður um deild. Talið var að þetta væri í lagi á þeim forsendum að KDK væri nýstofnuð deild

#### 3. Næsti vetur.

Mótanefnd hefur sett inn dagskrá næsta vetrar í Google Calendar og mun ÞI sjá um að koma því sem fyrst þaðan og inn á heimasíðu KLÍ.

Niðurröðun í deildir er ekki lokið en það á ekki að hafa áhrif á það að koma dagskrá á netið. KR spurðist fyrir um möguleika á að stofna nýtt lið. Það væri í skoðun í dag hvort þeir hefðu mannskap í þriðja liðið. Þar sem 9 lið eru í annari deild er þetta auðsótt mál. KR verður gefinn frestur til 22. ágúst til að finna út hvort þeir nái saman liði.

Það þarf að panta brautir sem fyrst. RP hefur tekið saman skjal um brautarfjölda fyrir Íslandsmót, Deildarbikar, Bikarkeppnir og Félagakeppni og mun senda pöntunina inn til Keiluhallarinnar.

#### 4. Landsmót UMFÍ.

Keilumót var haldið á Landsmóti UMFÍ sem tókst vel. Í framhaldinu sáu Hörður og Dóra um kennslu fyrir almenning.

#### 5. Önnur mál.

GS bar upp spurningu um meðaltal og hvort ekki væri hægt að koma útgáfu á því í lag. Nokkur umræða var um möguleika á því t.d. hvort hægt væri að fleiri kæmu að til að létta starfið.